

Jákvætt viðhorf

- lykill að farsælu skólastarfi?

Foreldrasamstarf er fjölpætt

Foreldrasamstarf hefur alltaf jákvæð áhrif á skólastarf þetta hafa fjölmargar rannsóknir sýnt. Hvað er átt við með þessu, í hverju felst foreldrasamstarf? Málið er margslungið því foreldrasamstarf felur í sér marga ólíka þætti og því þarf hver skóli að setja sér markmið og huga að því hvaða þætti hann vill leggja mesta áherslu á í samstarfi sínu við foreldra. Kjarninn í samstarfi er reyndar alls staðar sá sami en það er samstarfið um barnið sjálft. Samvinna og samtal foreldra og kennara um stöðu barnsins, þarfir þess, væntingar og getu. Fræðimenn eru sammála um að það sem skiptir mestu máli fyrir velgengni barns í skóla er að foreldrar séu í góðu samstarfi við kennarann og fylgi barninu eftir í námi þess.

Samstarfið í bekknum sem skiptir einnig miklu máli. Öflugt bekkjarstarf stuðlar að vellíðan barna þar sem það hvetur til samskipta utan hefðbundins skóladags og að allir þeir sem að bekknum koma kynnist betur. Slík kynni geta m.a. auðveldað samskipti og lausn vandamála ef upp koma árekstrar í samskiptum barnanna innbyrðis eða milli barns og kennara. Foreldrafélagið hefur það hlutverk að halda utan um starfið í hverjum bekk með því að gæta þess að í öllum bekkjum séu vel upplýstir bekkjarfulltrúar. Eins stuðlar foreldrafélagið að auknu samstarfi milli heimila og skóla í samvinnu við stjórnendur á margvíslegan hátt og tekur þátt í ýmsum atburðum í skólalífinu eins og vorhátíð, jólaföndri eða öðrum hátíðum sem gegna mikilvægu hlutverki varðandi það að skapa skólamenningu. Foreldraráðið hefur síðan skýrt hlutverk sem er tilgreint í grunnskólalögum og snýr einkum að því að vera umsagnaraðili um skólanámskrá og aðrar áætlanir skólans og huga að því að þessar áætlanir séu kynntar foreldrum og séu þeim aðgengilegar t.d. á heimasíðu skólans. Foreldrar tilnefna síðan fulltrúa sinn í skóla-/fræðslunefnd sveitarfélagsins og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt.

Samstarf stuðlar að aukinni virðingu

Reynslan og rannsóknir sýna að foreldrar sem þekkja vel skóla barnsins sín og eiga góð samskipti við kennara þess fá betri skilning á starfi kennarans og þar með meiri virðingu fyrir því starfi sem fer fram innan veggja skólans. Virðing foreldra gagnvart skólanum getur haft mikil áhrif á það hve mikla virðingu nemendur bera fyrir kennaranum og skólastarfinu. Þessir foreldrar eru líka jákvæðari gagnvart því að vinna með kennaranum að lausn vandamála ef þau koma upp. Samstarfið er mikill stuðningur við starf kennara og því til mikils að vinna fyrir kennara að koma á jákvæðum og góðum samskiptum þar sem jafnframt hefur verið sýnt fram á að frumkvæði að samstarfi þarf að koma frá skólanum þar sem fáir foreldrar hafa samband að fyrra bragði.

Mörg ólík hlutverk

Foreldrar eru eins misjafnir og þeir eru margir og því er misjafnt hvaða hlutverkum foreldrar vilja gegna innan skólans. En verkefni eru ærin og því ætti verkaskipting og samvinna að vera af hinu góða eins og víðast annars staðar. Þannig að með því að höfða til áhuga fólks ætti alltaf að vera hægt að finna ólíka einstaklinga sem hafa áhuga á að taka að sér hin ólíku verkefni sem foreldrasamstarf getur boðið upp á s.s. að vera bekkjarfulltrúi, taka þátt í foreldrarölti, þátttaka í vettvangsferðum, seta í stjórn eða foreldraráði, skipuleggja vorhátíð eða laufabrauðsbakstur, aðstoða inni í bekk eða fræða um sitt starf svo fátt eitt sé nefnt.

Jákvætt viðhorf til nemenda skiptir sköpum varðandi aga

Þó nokkur umræða hefur verið um agamál í skólum undanfarið. Gott innlegg í þá umræðu er nýleg rannsókn á hegðun nemenda í grunnskólum Reykjavíkur veturinn 2005-6 sem kynnt var nú í október á Málþingi Rannsóknarstofnunar Kennaraháskóla Íslands. Rannsóknina unnu Ingvar Sigurgeirsson prófessor við KHÍ og Ingibjörg Kaldalóns verkefnastjóri hjá RKHÍ. Í rannsókninni kom m.a. fram að umfang agavandamála var mjög misjafnt eftir skólum. Þeir skólar þar sem lítið var um agavandamál fundust í öllum hverfum og voru af öllum stærðum, þannig að það virðist ekki skýra stöðuna. Það sem þessir skólar áttu aftur á móti sameiginlegt var jákvætt viðhorf til nemenda og skólastarf sem einkenndist af virðingu, trausti og hlýju. Í þessum skólum var ekki áhersla á refsí- eða punktakerfi, né það að reka út úr tímum heldur voru mál sem komu upp rædd og fundin lausn. Eins sýndu niðurstöður að í þeim skólum þar sem agavandamál eru minnst eru viðhorf til foreldra mjög jákvæð og mikil áhersla lögð á öflugt foreldrasamstarf.

Róleg stund í upphafi skóladags

Eitt af því sem kom fram í rannsókninni voru áhugaverðar niðurstöður um daglega skólabyrjun sem að mati rannsakenda geta haft þýðingu fyrir stöðu skólans hvað agamál varðar. Í nokkrum skólum hafði verið tekin upp sú tilhögun að opna skólana snemma á morgnana og leyfa nemendum að fara inn í stofur sínar. Einn skólanna opnaði t.d. strax kl. 7.30, en aðrir síðar. Vakti það athygli rannsakenda hversu sammála starfsfólk skólanna var um hversu jákvæð reynsla væri af þessu. Einn viðmælandi sagði m.a.:

Það er eitt sem að mér hefur fundist breyta heilmiklu ... einhvern tímann voru krakkar settir í röð fyrir utan skólann áður en skólinn byrjaði ... þar skapaðist ægilegur hiti oft og æsingur og læti ... á morgnanna þá opnum við húsið korteri áður en tíminn byrjar ... nemendur mega fara inn ... í kennslustofu og bíða eftir kennaranum. Þetta breytti alveg rosalega miklu. Þau spjalla saman, setjast inn í heimakrök, spila.

Rannsakendurnir benda á að auðvelt er að sjá hvers vegna þessi tilhögun leggur af mörkum til þess að skapa góðan brag. Dagurinn byrjar með rólegum hætti, án árekstra og með eðlilegum og notalegum samskiptum. Nemendur þurfa ekki að bíða eftirlitslausir úti eða standa í röðum hvernig sem viðrar, en í viðtölum við skólastarfsfólk kom fram að það hefði oft leitt til vandræða.

Líðan nemenda skiptir öllu máli. Nemandi sem líður illa nýtur sín ekki og það getur haft áhrif á nám hans. Með því að hefja skólastarfið á þann hátt sem hér hefur verið lýst má stuðla að vellíðan nemenda. Þess utan líður foreldrum betur að vita af börnum sínum öruggum innan dyra en ef þeir þurfa að skilja við þau úti í kulda og myrkri svo þeir geti verið mættir tímanlega í sína vinnu. Foreldrar sem vita af börnum sínum í öruggum höndum eiga einnig auðveldara með að sinna störfum sínum af heilum hug.